

Mánudaginn 13. desember 1943.

Nr. 78/1943. **Réttvísinn og valdstjórnin** (Jón Ásbjörnsson)
 gegn

Magnúsi Magnússyni

(Guðmundur Í. Guðmundsson).

Ómerking og heimvísun.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóm hefur upp kveðið Guðmundur Hannesson bæjarfógeti, Siglufirði.

Í rannsókn málsins skortir skýrslu og upplýsingar um þau atriði, er nú verða nefnd:

Jón Guðmundsson bifreiðarstjóri, sem fékk ákærða stjórn bifreiðarinnar og sat við hlið hans í bifreiðinni, er slysið varð, hefur ekki verið yfirheyrður. Nauðsyn var þó að leita hann uppi, ef þess var nokkur kostur, og krefja hann sagna um aðdraganda slyssins. Þá þurfti að spyrja hann um það, hvort hurð bifreiðarinnar var kviklæst, og ef svo var, hvort hann hafi skýrt ákærða frá því. Svo hefði og átt að inna hann eftir því, hversu nærri vegbrún ekið var, hvort ákærði beitti hemlum, hvort ákærði teygði sig út úr bifreiðinni til þess að losa bilhurðina úr girðingunni og hvernig stjórn-tökum ákærða á bifreiðinni hafi þá verið háttað. Loks hefði verið rétt að spyrja Jón Guðmundsson að því, hvað hann hafi aðhafzt, er hann sá, að hætta var á ferðum.

Leiða þurfti í ljós, hversu sterk girðingin var, hversu mikla æfingu ákærði hafði í meðferð bifreiða, hvort hliðarhalli var á veginum út að vegbrún, þar sem slysið varð, og hvort sleipt hafi verið á palli bifreiðarinnar.

Spyrja átti ákærða um það, hvort hann hafi beitt hemlum og hvaða stjórn-tök hann hafði á bifreiðinni, er hurðin festist í vírnetinu.

Með því að rannsókn málsins er, svo sem nú var lýst, áfátt í mikilvægum efnum, þykir verða að ómerkja héraðsdóminn og leggja fyrir héraðsdómara að rannsaka ræki-lega ofangreind atriði svo og annað það, sem framhalds-rannsóknin veiti efni til.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 350.00 til hvors.

Þvi dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og vísast málinu heim í hérað.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Guðmundar Í. Guðmundssonar, kr. 350.00 til hvors.

Dómur lögregluréttar Siglufjarðar 24. júlí 1943.

Mál þetta er höfðað af hálfu valdstjórnarinnar og réttvisinnar samkv. stefnu, dags. 31. maí s. l., gegn Magnúsi Magnússyni íshústjóra, Siglufirði, fyrir brot á bifreiðalögunum og XXIII. kafla hegningarlaganna.

5. júní s. l. var málið sent dómsmálaráðuneytinu vegna nýrra upplýsinga, hvort halda ætti áfram málshöfðuninni, og fékk dómarrinn málsskjölin aftur í gær með fyrirskipun um málshöfðun.

Málavextir eru þeir, er nú greinir:

Kærður hefur skirteini fyrir að mega aka flutningabifreiðum. 19. sept. 1942 fékk hann leyfi bifreiðarstjóra, sem var að aka flutningabifreið, til þess að taka við stjórn bifreiðarinnar og aka henni, en hinn ráðni bifreiðarstjóri sat í flutningabifreiðinni við hliðina á kærðum, er sat í bifreiðarstjórasetinu.

Var nú ekið frá gatnamótum Vetrarbrautar og Aðalgötu og ætlað suður undir Hafnarbakka. Kærður hafði ekið upp Gránugötu og upp á Suðurgötu, en nokkur halli er þar á götunni og bugða kröpp, þar sem Suðurgata og Gránugata mætast, en austurkantur Suðurgötu sunnan þessara gatnamóta er upphlaðinn, um og yfir 3 metra hár bakki.

Þegar þessum gatnamótum sleppir og nokkrum föðmum er komið upp á Suðurgötuna, og bifreiðin er komin nokkurn veginn upp úr hallanum, þá opnast hurð stýrishúss bifreiðarinnar, og handfang hurðarinnar festist í virnetsgirðingu, sem var á austurkanti Suðurgötu. Svo hægt var ekið, að bifreiðin stöðvaðist, eftir að hafa slitið nokkra möskva í virnetinu og rekizt á einn girðingarstaur. En við það, að hurðarhandfangið varð fast í virnetsgirðingunni, kipptist bifreiðin til hliðar, til vinstri, til austurs, til vegkantsins, sem

þarna er með 5,40 metra fláa, og lenti á girðingarstaur í austur-kanti vegarins. Staurinn lét undan, og bifreiðin seig hægt og hægt niður, unz hún valt eina veltu niður. Þeir, sem í bifreiðinni voru og á palli hennar, meiddust lítið sem ekkert, nema Guðm. Jónsson. Var hann á palli bifreiðarinnar ásamt 2 öðrum og á milli þeirra, en er bifreiðin tók að hallast, stukku þeir af bifreiðinni niður á Suðurgötu, en Guðmundur Jónsson, sem átti þó hægara un vik að stökkva af bifreiðinni en sá, sem stóð á pallinum fyrir austan hann, stökk ekki af bifreiðinni, heldur virðist hafa slöngvazt af bifreiðinni, um leið og hún valt, og varð eitthvað undir henni, og meiddist hann svo mjög, að hann dó af meiðslunum 3 dögum síðar.

Þeir, sem voru á bifreiðinni eða í og náðst hefur í, hafa borið, að bifreiðin hafi ekið mjög hægt, er handfangið á bifreiðinni hafi orðið fast í virnetsgirðingunni, en að bifreiðin hafi við það kippzt út á götukantinn til vinstri, lent á girðingarstaur, sem hafi látið undan, en bifreiðin við það farið að síga með hægð fram af götunni og niður af götukantinum, og þá verið auðvelt og alls ekki hættulegt að stökkva af bifreiðinni niður á Suðurgötuna.

Aðalorsök þess, að mannsbani hlaut af, verður að telja, að Guðm. Jónsson stökk ekki niður af bifreiðinni, sem rannsókn málsins leiðir í ljós, að hafi verið alveg hættulaust, og svo sjálfsagt sem verða mátti. En þótt áreksturinn við staurinn hafi verið hægur og nokkur aðdragandi orðið að því, að bifreiðin valt, þar sem hún fyrst, að vitnisburði vettvangsvotta, seig niður hægt og hægt, hefur hinum slasaða fipazt á einhvern hátt eða fatazt svo að gera það, sem sjálfsagt var, að meiðsl hlutust af, er leiddu hann til dauða.

Hins vegar verður að telja framferði kærðs meðorsök til slyssins. Að vísu eru gallar sjálfrar flutningsbifreiðarinnar meðorsök til slyssins, en það er þó in casu óaðgæzla kærðs sjálfs að aka bifreið, sem hann þekkir ekki galla á (að stýrishurðin var hvíklæst) og það því fremur, sem honum bar engin nauðsyn til þess að aka, þótt sannað sé í málinu, að akstur hans á bifreiðinni hafi verið óaðfinnanlegur almennt álitíð, þá hafi hann ekki verið það eins og á stóð. Kærður hafi því með því að taka við stjórn gallaðrar bifreiðar og gera eigi við aksturinn þær ráðstafanir, er fyrirbyggðu afleiðingar ágalla bifreiðarinnar, eigi sýnt þá nauðsynlegu aðgæzlu, sem eftir bifreiðalögunum á að gera kröfu til til bifreiðarstjóra, sbr. 27. gr. laga 23/1942, og með því orðið meðorsök í slysi því, er leiddi til mansbana.

Kærðan ber því að dæma til refsingar eftir bifreiðalögunum nr. 23 frá 1941, 27. gr., og XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 215. gr., en með tilliti til þess, að óeðlilegt virðist, að mannsbani skyldi af hljótast, þar sem bifreiðin fyrst seig niður með hægð og sjónarvottar telja með öllu hafa verið hættulaust að

stökkva af bifreiðinni niður á Suðurgötuna, verður að telja hæfilegt, að sök kærðs varði 400 kr. sekt, er renni í rikissjóð, en til vara komi 20 daga varðhald, ef sektin verður eigi greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa.

Svo greiði og kærður allan kostnað sakarinnar. Jóni Jóhannessyni málflm., Siglufirði, og umboðsmanni móður þess, er dó af slysinu, hafði verið tilkynnt af dómáranum, að móðirin ætti þess kost að koma að skaðabótamáli gegn kærðum í máli þessu, en hann lét dómáran vita, að þess væri eigi óskað.

Á máli þessu hefur enginn óþarfa dráttur orðið.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Magnús Magnússon ishússtjóri, Siglufirði, greiði 400 kr. sekt í rikissjóð, en sæti til vara 20 daga varðhaldi, ef sektin greiðist ekki innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa.

Svo greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 13. desember 1943.

Kærumálið nr. 13/1943. **Stefán Runólfsson**
gegn

Rafveitu Austur-Húnavatnssýslu.

Ómerking og vísun máls frá héraðsdómi.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru 11. nóv. s. l., er hingað barst 2. þ. m., hefur sóknaraðili kært tvo úrskurði, kveðna upp á bæjarþingi Reykjavíkur 11. nóv. s. l., varðandi skyldu Ragnars Bjarkans stjórnarráðsfulltrúa og Eggerts Claessens hæstaréttarlögmans til þess að bera vætti í máli varnaraðilja á hendur sóknaraðilja, sem rekið er fyrir bæjarþinginu. Krefst sóknaraðili þess, að báðir úrskurðir þessir verði úr gildi felldir. Varnaraðili krefst þess hins vegar, að úrskurðirnir verði staðfestir og honum dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómisins.

Athugun á málatilbúnaði, málflutningi og málsmeðferð í héraði, að því er kæruefnið varðar, hefur leitt í ljós það, sem hér segir: